

Dagpeningar og fargjöld

Dagpeningar og fargjöld

**Tillaga fjármálanefndar um fyrirkomulag farareyris í rannsóknamissurum,
samþykkt á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands 17. mars 2016**

- 1. Leið A sem miðast við eina lengri dvöl:** Hámark farareyris er 150 þ.kr. í fargjald og 1.350 þ.kr. í dagpeninga fyrir 6 mánaða misseri og 200 þ.kr. í fargjald og 1.800 þ.kr. í dagpeninga fyrir 12 mánaða misseri.
- 2. Leið B sem miðast við fleiri styttri ferðir:** Hámark farareyris og dagpeninga er 800 þ.kr. samanlagt án nokkurra takmarkana umfram það sem kveðið er á um í umburðarbréfi og auglýsingum ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna.

Skýring:

Rannsóknahverfi akademískra starfsmanna hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Þróun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta hefur breytt aðgengi að þekkingu og bætt möguleika á samskiptum og miðlun upplýsinga. Með ofangreindu fyrirkomulagi er komið til móts við óskir um að heppilegra geti verið fyrir akademíska starfsmenn að eiga kost á nokkrum ferðum innan rannsóknamissuris í stað einnar lengri dvalar. Gert er ráð fyrir að kennari sækji um hvora leiðina hann hyggist velja í rannsóknamissuri og að ekki sé unnt að breyta því eftir að rannsóknamissuri er hafið nema sérstakur rökstyðningur sé fyrir breytingunni.

Öll fræðasvið Háskóla Íslands skulu miða við sömu hámark. Ákvörðunin nær til rannsóknamissura sem hefjast frá og með 1. janúar 2017.

Til glöggvunar

Eftirfarandi kemur fram í auglýsingu fyrir rannsóknamissuri 2016-2017

Ávinnsrulegla:

Heimild til rannsóknamissuris er ekki veitt nema kennari hafi sinnt að fullu kennslu- og stjórnunarskyldu undangengin sex misseri eða tólf misseri, eftir því hvort sótt er um misseri eða ársleyfi. Ekki er heimilt að telja með misseri lengra aftur en frá síðast tekna rannsóknamissuri.

Aðjúnktar skulu hafa kennt minnst sjö misseri frá síðasta rannsóknamissuri og starfshlutfall skal hafa numið að meðaltali minnst 75%. Heimilt er að veita 4 aðjúnktum rannsóknamissuri í senn.

Rannsóknastig:

Til að eiga kost á rannsóknamissuri á háskólaárinu 2016-2017 þarf 10 rannsóknarstig (aflstig) úr neðangreindum flokkum Matskerfis opinberra háskóla:

- 1) A2 (bækur), þó ekki A 2.4 og A 2.5
- 2) A3 (bókakaflar), þó ekki A3.4

3) A4 (tímaritsgreinar), að undanskildum flokki A 4.4

4) A 5.1 (greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum).

Miðað er við meðaltal síðustu þriggja eða fimm ára eftir því hvort er hagstæðara fyrir viðkomandi.

Skýrsluskil:

Árleg skil á rannsóknarskýrslum eru einnig forsenda heimildar til rannsóknamisseris. Jafnframt skil á skýrslu um síðasta rannsóknamisseri.

Forsetar fræðasviða geta þó heimilað frávik frá ofangreindum reglunum í sérstökum tilvikum.

Hvert fræðasvið tekur ákvörðun um úthlutun dagpeninga til starfsmanns í rannsóknamisseri og er heimilt að greiða allt að 1.500.000 og þar af fargjald að hámarki 200.000. (Ákvörðun Háskólaráðs 18. desember 2008)

(Viðbót frá hausti 2015)

Fái kennari heimild til **tveggja missera** er fræðasviði heimilt að úthluta allt að 2.000.000 kr., þar af fargjald að hámarki 300.000 kr.

Tekið er mið af þjálfunardagpeningum við útreikning dagpeninga sjá upplýsingar á heimasíðu fjármálaráðuneytisins og á það við um hvort sem farið er í stuttar eða langar ferðir.

[Ferðakostnaður](#)

Tryggingar

Kennarar sem dvelja erlendis í rannsóknamisserum þurfa að huga sérstaklega að tryggingamálum. Allir félagar í Félagi háskólakennara eru tryggðir fyrir varanlegri örorku og dauða skv. gr. 7 í kjarasamningi. Mismunandi bótafjárhæðir gilda um annars vegar slys í vinnutíma, hins vegar slys í frítíma.